

26.10.2010

Vinnuverndarvikan 2010

Rafey á Egilsstöðum

fær viðurkenningu fyrir viðhaldsvinnu

Rökstuðningur er eftirfarandi:

Rafey er fyrirtæki með aðsetur að Miðási 11, á Egilsstöðum. Fyrirtækið er með alhliða þjónustu á rafmagnssviði. Fyrirtækið tekur að sér bæði stór og smá verkefni, rekur verkstæði m.a. véla- og rafmagnsverkstæði og vinnur mikið að margskonar viðhaldsverkefnum. Starfsmenn eru u.þ.b. 15.

Fyrirtækið hefur nýlega verið skoðað af Vinnueftirlitinu og farið í gegnum “aðlagað eftirlit” þar sem það var flokkað í 1. flokk, sem er hæsta flokkun hjá Vinnueftirlitinu. Í fyrirtækinu er starfandi öryggisnefnd, sem heldur fundi einu sinni í mánuði eða oftár ef ástæða þykir til.

Fyrirtækið er með öryggis- heilbrigðis- og umhverfisáætlun sem er ætlað að tryggja öllum starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Markmiðið er slysalaus vinnustaður og að enginn starfsmaður bíði heilsutjón af starfi sínu. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn vinni störf sín í samræmi við þessa stefnu fyrirtækisins. Öll hættutilvik (næstum því slys) og óhöpp eru skráð, rædd og brugðist er við með úrbótum. Neyðaráætlun liggur fyrir þar sem gerð er grein fyrir hvernig bregðast skuli við slysi, bráðaveiki eða eldi.

Í fyrirtækinu er til mikill tækjabúnaður til að nota við hin margvíslegu verkefni sem auka öryggi og vinnuaðstæður starfsmanna.

Áhættumat hefur verið unnið og áhættugreining verka er framkvæmt með aðkomu starfsmanna. Einnig eru verklagsreglur unnar fyrir hvern verkþátt og gátlistar gerðir fyrir margvísleg störf. Undirverktakar sem fyrirtækið ræður til sín skulu í einu og öllu fara eftir öryggisreglum fyrirtækisins.

Fyrirtækið er slysalaust á árinu.

Fyrir hönd fyrirtækisins Rafeyjar tekur við viðurkenningunni:

Eyjólfur Jóhannsson, sem fer með gæða og öryggismál, og er formaður öryggisnefndar.